

UMBÓTAÁÆTLUN HOFSSSTAÐASKÓLA 2021-2027 VEGNA YTRA MATS

ÁÆTLUN UNNIN Í FRAMHALDI AF YTRA MATI GRUNNSKÓLA SEM FRAM FÓR Í APRÍL 2021



Hafdís Bára Kristmundsdóttir
SKÓLASTJÓRI |

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu ¹	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið I - Stjórnun og fagleg forysta²</u>					
<ul style="list-style-type: none"> Stefna skólans þarf að birtast í náms- og kennsluáætlunum. 	Stefna skólans endurskoðuð. og markvisst bætt inn í náms- og kennsluáætlanir. Verður unnið með fagfólki skólans og skólaráði. Rýnihópar komi að stefnumótun. Þessi þáttur er tvíþættur. Í fyrsta lagi að skerpa á stefnunni og í öðru lagi að færa hana inn í náms- og kennsluáætlanir.	Haustið 2024	Vorið 2026	Stjórnendur	Vorið 2027 Farið yfir námsvísa og skoðað
<ul style="list-style-type: none"> Birta þarf námsvísa í skólanámskrá og gera opinbera. 	Við endurskoðun skólanámskrár vorið 2022 verður námsvísium bætt inn. Þeir eru í vinnslu eftir að áherslum í námsmati var breytt og aðlagðir að hæfniviðmiðum og lykilhæfni bætt inn.	Vorið 2022	Haustið 2022	Stjórnendur	Vorið 2023
<ul style="list-style-type: none"> Nemendur í skólaráði skuli kosnir til tveggja ára. 	Kosnir verða fulltrúar úr 5. bekk vorið 2022 og framvegis eftir það. Nemendum þykir miður að ekki fái fleiri nemendur að taka þátt í starfi skólaráðs þegar hver fulltrúi situr í tvö ár.	Vor 2022	Vor 2022	Skólastjóri	Haustið 2022
<ul style="list-style-type: none"> Skólaráð haldi einn opinn fund á ári með öllum aðilum skólasamfélagsins sbr. reglugerð. 	Fundur á dagskrá í mars 2022. Unnið í samvinnu við skólaráð og foreldrafélag. Er fastur liður í skólastarfinu.	Vor 2022	Vor 2022	Skólastjóri	Sett á starfsáætlun skólaráðs ár hvert. Sett á skóladagatal að vori.

1

2

<ul style="list-style-type: none"> Gera áætlun um með hvaða hætti er brugðist við niðurstöðum skimana og mats ásamt viðmiðum. 	Verkferlar og áætlanir eru til. Þá þarf að skrá niður og bæta inn í skólanámskrá. Nýta niðurstöður Lesferils og undirprófa til þess að koma til móts við nemendur með lestrarvanda.	Haustið 2021	Haustið 2022	Deildarstjórar	Vorið 2023
<ul style="list-style-type: none"> Skrá og birta reglulega framgang þróunarvinnu. 	Þróunarsjóður Garðabæjar gerir ekki þá kröfu að gerðar séu áfangaskýrslur enda ná þau jafnan yfir eitt ár. Skólastjóri getur kallað eftir áfangaskýrslu á miðju tímabili um leið og fyrri hluti greiðslu er greiddur. Verkefni eru kynnt á menntadegi og birt á vef Garðabæjar. Í þróunarvinnu sem tekur yfir lengri tíma og er umfangsmeiri skal gera grein fyrir skilum á áfangaskýrslu í áætlun. Slíkt er skráð og birt í ársskýrslu skólans.	Haustið 2022	Haustið 2023	Skólastjóri	Vorið 2026 Ársskýrsla yfirfarin m.t.t. þessa
<ul style="list-style-type: none"> Efla þarf liðsheild starfsfólks skólans. <p>Í texta í skýrslunni kemur fram að í rýnihópi hafi verið bent á að <i>huga þurfi að</i> liðsheild en er orðað svona í samantekt.</p>	Niðurstöður úr Skólapúlsinum og könnunum á vegum Garðabæjar hafa sýnt að starfsánægja í skólanum er mikil. Í starfsmannasamtölum kemur það líka fram. Starfsþróunaráætlun tekur til allra starfsmanna. Allir fá sömu upplýsingar og allir fá tækifæri til þess að taka þátt í viðburðum á vegum starfsmannafélags og stjórn starfsmannafélags er skipuð fulltrúum úr mismunandi starfsgreinum. Kaffistofa er merkt kaffistofa starfsmanna og alúð lögð í að bera virðingu fyrir öllum starfsgreinum og starfsmönnum. Góð	Haustið 2021	Lýkur ekki Stöðugt verkefni	Allir starfsmenn	Er metið reglulega

	liðsheild er daglegt verkefni á vinnustaðnum og skiptir sköpum fyrir vellíðan allra sem hér starfa. Þegar Ytra mat fer fram vorið 2021 er Covidfaraldur í hámarki og starfsmenn hafa verið háðir ýmsum takmörkunum og hólfaðir niður.				
<ul style="list-style-type: none"> Starfsþróunaráætlun innihaldi tímasetningar, verkefni, þátttakendur og ábyrgðaraðila 	Starfsþróunaráætlun inniheldur tímasetningar eins og hægt er fram í tímann. Skráð er innihald, verkefni, ábyrgðaraðilar og þátttakendur	Haustið 2022	Haustið 2022		Haustið 2023 Gögn lesin yfir
<ul style="list-style-type: none"> Hafa foreldra og nemendur með í endurskoðun og stefnumótun skólans. 	Fjallað er um stefnu skólans á opnum fundum með foreldrum, nemendaráði. Skólaráð heldur utan um þennan þátt	Haustið 2024	Vorið 2025	Stjórnendur og skólaráð	Vorið 2027 Yfirlit með umbótaáætlun í heild sinni
<ul style="list-style-type: none"> Vinna með einkunnarorð skólans og gera þau sýnilegri í skólasamfélaginu 	Einkunnarorð skólans eru birt á göngum og í kennslustofum. Þau eru á kennsluáætlun, vikuáætlunum. Þau koma fram á bréfsefni skólans og í tölvupósti frá skólanum. Unnið er með þau í lífsleikni og birtast þau í bekkjarsáttmálum.	Haustið 2021	Þessum þætti lýkur ekki. Er og hefur verið í vinnslu	Stjórnendur og fagfólk skólans	Haustið 2027 Yfirlit með umbótaáætlun í heild sinni
<ul style="list-style-type: none"> Fulltrúar nemenda komi að endurskoðun skólareglna 	Skólareglur eru hluti af skólabrag. Á bekkjarfundum og í nemendaráði eru skólareglur teknar fyrir og rýndar. Ný atriði koma reglulega upp sem þarf að ræða og bæta inn svo sem snjalltæki og rafhlaupahjól og þá þarf að bregðast við	Haustið 2021	Stöðug vinna sem lýkur ekki	Stjórnendur og skólaráð	Endurmetið árlega Haustið 2025 formlegt endurmat á umbótaáætlun

	og setja viðmið og reglur. Skólaráð fjallar um skólareglur á öðrum fundi sínum hvert skólaár, í nóvember. Í hverri bekkjardeild/hópi eru gerðir bekkjarsáttmálar um hegðun og framkomu. Sáttmálar byggja á skólareglum sem nemendur þekkja og ræða og eru því í stöðugri endurskoðun.				
<ul style="list-style-type: none"> Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf. 	Stjórnendur fara í formlegt innlit í kennslustundir a.m.k. einu sinni á ári og óformlegt oft. Unnið er eftir matskvarða og í kjölfar innlits ræða stjórnandi og kennari saman um niðurstöður. Deildarstjórar funda vikulega með teyllum og fara yfir nám og kennslu. Deildarstjórar lesa og rýna kennsluáætlanir og námsvísa með teyllum. Kennarar segja frá ákveðnum þáttum úr starfinu á fagfundum. Lærdómsgöngur eru þrisvar á ári þar sem kennarar skiptast á að kynna starf sitt og stjórnendur eru þátttakendur í því. Í ársskýrslu sem teymi skila til stjórnenda gera þeir grein fyrir helstu áherslum í starfi hvers skólaárs, áskorunum og tækifærum. Stjórnendur gefa endurgjöf á skýrsluna.	Haustið 2021	Haustið 2021	Stjórnendur	Haustið 2022 Reglulegt endurmat og fjölbreyttar leiðir farnar og þróaðar

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið II – Nám og kennsla					
<ul style="list-style-type: none"> Gera grunnþáttum menntunar skil í námsvísunum svo og lykilhæfni. 	Námsvísar eru í endurskoðun í samræmi við grunnþætti, lykilhæfni og hæfniviðmið. Þeir verða birtir sem hluti af skólanámskrá	Vorið 2022	Haustið 2023	Stjórnendur og fagfólk	Vorið 2024 Námsvísar rýndir m.t.t. umbótaáætlunar
<ul style="list-style-type: none"> Kynna námsvísa með formlegum hætti fyrir nemendum og foreldrum og gera opinbera. 	Námsvísar eru birtir á vef skólans í september ár hvert. Þeir eru kynntir á haustfundum með forráðamönnum og í fréttabréfi og frétt á vef skólans.	Haust 2023	September 2023	Stjórnendur og fagfólk	Vor 2024
<ul style="list-style-type: none"> Samræma skráningu markmiða og námsmats í kennsluáætlun og námsvísunum. 	Námsvísar eru í endurskoðun í samræmi við grunnþætti, lykilhæfni og hæfniviðmið. Þeir verða birtir sem hluti af skólanámskrá	Vorið 2022	Haustið 2023	Stjórnendur og fagfólk	Vorið 2024 Námsvísar og kennsluáætlanir rýndir m.t.t. umbótaáætlunar
<ul style="list-style-type: none"> Gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustundar. 	Þessi þáttur er í stefnu skólans og hefur verið sinnt en nauðsynlegt að skerpa á og ítreka. Huga þarf að því að gera þetta á lifandi og fjölbreyttan hátt þannig að nemendur nýti sér upplýsingarnar og þær verði hvetjandi fyrir nám nemenda. Áætlað er að sækja um styrk úr þróunarsjóði til þess að vinna nánar með þennan þátt og auka þannig námsvitund nemenda.	Haustið 2022	Vorið 2026	Stjórnendur og þróunarhópur kennara	Vorið 2027 Þróunarverkefni metið reglulega

<ul style="list-style-type: none"> Fjalla um námsaðlögun í kennslu- og námsáætlunum. 	Náms- og kennsluáætlanir verða endurskoðaðar m.t.t. námsaðlögunar þannig að hún birtist á skýrari hátt.	Haustið 2022	Vorið 2023	Deildarstjórar	Vorið 2024
<ul style="list-style-type: none"> Setja fram formlega stefnu til að auka námsárangur nemenda þar sem leiðir að markmiðum og viðmið um árangur koma fram. 	Áætlað er að sækja um styrk úr þróunarsjóði til þess að vinna nánar með Leiðsagnarnám og auka þannig námsvitund nemenda og námsárangur.	Haustið 2022	Vorið 2026	Stjórnendur og þróunarhópur kennara	Vorið 2027 Próunarverkefni metið reglulega
<ul style="list-style-type: none"> Efla enn frekar námsframboð fyrir bráðgera nemendur. 	Þessi þáttur er í stöðugri skoðun og þróun. Námsráðgjafi í samvinnu við kennara vinni með bráðgerum nemendum að áhugasviðskönnun og út frá niðurstöðum sé gerð einstaklingsnámskrá.	Vorið 2022		Stjórnendur, kennarar og námsráðgjafi	Vorið 2026
<ul style="list-style-type: none"> Nota kennsluáðferðir sem virkja þátttöku nemenda í kennslustundum. 	Innleiða aðferðir <i>Leiðsagnarnáms</i> og skerpa enn á þeirri þróunarvinnu sem þegar hefur farið fram í skólanum. Fyrirhugað er að sækja um styrk úr þróunarsjóði og vinna heildstætt með þróun kennsluhátta, námsumhverfi og námsmenningu	Haustið 2022	Vorið 2025	Kennarar Stjórnendur og þróunarhópur kennara	Vorið 2027 Próunarverkefni metið reglulega
<ul style="list-style-type: none"> Efla samstarf og samvinnu nemenda í námi og kennslu. 	Innleiða aðferðir <i>Leiðsagnarnáms</i> og skerpa enn á þeirri þróunarvinnu sem þegar hefur farið fram í skólanum. Fyrirhugað er að sækja um styrk úr þróunarsjóði og vinna heildstætt með þróun kennsluhátta, námsumhverfi og námsmenningu	Haustið 2022	Vorið 2025	Stjórnendur og þróunarhópur kennara	Vorið 2027 Próunarverkefni metið reglulega

<ul style="list-style-type: none"> Kenna nemendum að setja sér námsmarkmið og taka þátt í að meta eigin framfarir. 	Innleiða aðferðir <i>Leiðsagnarnáms</i> og skerpa enn á þeirri þróunarvinnu sem þegar hefur farið fram í skólanum. Fyrirhugað er að sækja um styrk úr þróunarsjóði og vinna heildstætt með þróun kennsluhátta, námsumhverfi og námsmenningu	Haustið 2022	Vorið 2025	Stjórnendur og þróunarhópur kennara	Vorið 2027 Próunarverkefni metið reglulega
<ul style="list-style-type: none"> Gera nemendum ljós markmið og viðmið um árangur sem birt eru í námsvísum. 	Innleiða aðferðir <i>Leiðsagnarnáms</i> og skerpa enn á þeirri þróunarvinnu sem þegar hefur farið fram í skólanum. Fyrirhugað er að sækja um styrk úr þróunarsjóði og vinna heildstætt með þróun kennsluhátta, námsumhverfi og námsmenningu	Haustið 2022	Vorið 2025	Stjórnendur og þróunarhópur kennara	Vorið 2027 Próunarverkefni metið reglulega
<ul style="list-style-type: none"> Hafa nemendur með í ráðum um gerð einstaklingsnámskrár. 	Í skólanum er ekki unnið þannig að hver nemandi eigi sér einstaklingsnámskrá. Það á við um þá nemendur sem víkja frá því sem almennt gerist. Þá sem þurfa meiri áskoranir eða meiri aðstoð við nám. Meta þarf námsvitund hvers nemanda og finna þætti sem hann hefur skoðun á. Leitast þarf við að tengja viðfangsefni við áhugasvið nemanda með það að markmiði að efla og viðhalda áhuga nemanda á eigin námi.	Haustið 2021	Haustið 2022	Deildarstjórar og umsjónarkennarar	Vorið 2025

<ul style="list-style-type: none"> Auka val nemenda um námsaðferðir og verkefni sem tengjast áhugasviðum þeirra. 	Auka fræðslu til nemenda um mismunandi námsaðferðir og vinna áhugasviðskannanir. Náms- og starfsráðgjöf verði á dagskrá í öllum árgöngum.	Haustið 2024	Haustið 2026	Stjórnendur, kennarar og námsráðgjafi	Vorið 2027
<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fái markvissa þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. 	Auka vægi samræðu í námi. Virkja alla nemendur á bekkjarfundum og í lífsleiknitímum. Beita fjölbreyttum aðferðum, málfundum, umræðuhópum og ritun. Nemendaráðsfulltrúar í hverjum bekk ræða við sinn hóp fyrir og eftir fundi nemendaráðs og kalla eftir þeirra skoðunum og hugmyndum.	Vorið 2022		Kennarar	Vorið 2026 Reglulegt endurmat
<ul style="list-style-type: none"> Uppfylla þarf skilyrði aðalnámskrár varðandi tímafjölda í sundi 	Í Hofsstaðaskóla er tímafjöldi vegna skólaíprótta uppfylltur, þ.e. 120 mínútur á viku. Skólasund er kennt í lotum og nemendur fá að lágmarki 20 kennslustundir á hverju skólaári (sbr. bls. 186 Almenni hluti greinasvið 2013). Viðmið aðalnámskrár eru því uppfyllt. Þess ber að geta að Hofsstaðaskóli hefur fullt aðgengi að sundlauginni í ípróttúsinu í Mýrinni og allir tímar að deginum eingöngu nýttir til sundkennslu nemenda skólans. Eins og aðstæður eru með sundkennslu í skólanum er ekki hægt að koma fyrir nema max 14 nemendum í sundtíma í einu. Af því leiðir að sundtímar í	Haustið 2021		Stjórnendur Skólayfirvöld Kynnt og rætt á fundi með skólanefnd 24.11.21.	Ekki er von til þess að nemendum fækki. Það stendur ekki til að stækka sundlaug eða veita skólanum aðgang að annarri laug.

	<p>hverjum hópi/bekkjardeild eru tveir og m.v. fjölda nemenda í skólanum kemst það ekki fyrir. Sú leið hefur verið farin að kenna sund í lotum þannig að hver nemandi fari í sund 3 x í viku í ákveðinn tíma. Einn árgangur 4. bekkur fær sundtíma einu sinni í viku og uppfyllir viðmið. Ekki hefur verið gerð formleg úttekt á færni nemenda skólans m.v. aðra skóla en íþróttakennarar eru þeirrar skoðunar að nemendur nái góðri færni á þeim tíma sem þeir eru í sundi. Við þetta eru bæði kostir og gallar.</p>				
<ul style="list-style-type: none"> Uppfylla þarf skilyrði aðalnámskrár varðandi tímafjölda í list- og verkgreinum í 5. – 7. bekk. 	<p>Við teljum okkur uppfylla þetta skilyrði. Alls 920 mín . í 1. – 4. bekk og 1120 mín í 5. – 7. bekk. List- og verkgreinum hefur verið gert hátt undir höfði í skólanum, sérmenntaðir kennarar kenna í öllum árgöngum og skapandi starf fléttast inn í allt skólastarfið.</p>	Haustið 2021	Vorið 2022	Stjórnendur	Haustið 2022
<ul style="list-style-type: none"> Huga að því að nemendur í tónlistarnámi missi ekki ávallt af kennslustundum í sömu námsgrein. 	<p>Þegar forráðamenn sækja um tónlistarnám í Tónlistarskóla Garðabæjar, þá hafa þeir val um að samþykkja að nemandinn sé tekinn út úr kennslustund og bera ábyrgð á því námi sem nemandinn kann að verða af. Kennarar í Tónlistarskóla Garðabæjar kenna nær alltaf í fleiri</p>	Haustið 2021	Vorið 2022	Skóladeild og stjórnendur og kennarar tónlistar- og grunnskóla. Kynnt og rætt á fundi með skólanefnd 24.11.21.	Reglulega minnt á Haustið 2023



	<p>en einum tónlistarskóla og hafa mjög þröngar skorður í sinni stundatöflu, m.a. kenna þeir í 5 grunnskólum í Garðabæ. Þrátt fyrir góðan vilja þá er mjög snúið að skipuleggja stundatöflu kennaranna með þeim hætti sem gerð er athugasemd við. Við höfum ávallt litið á það sem ákveðin forréttindi að nemendur tónlistarskólans geti sótt tónlistarnámið á skólatíma. Samstarfið er í anda grunnskólalaganna um að koma eigi til móts við getu og hæfileika hvers og eins og stuðla að fjölbreyttara skólastarfi. Samstarf grunn- og tónlistarskólans hefur alla jafna gengið mjög vel enda staðið yfir frá árinu 2000. Við getum því miður ekki gert stundatöflur kennara Tónlistarskóla Garðabæjar með þeim hætti að þær séu síbreytilegar hjá öllum nemendum en ef það er hægt þá er það gert. Við bendum á að 29. maí 2000 féll úrskurður þar sem fram kemur að Menntamálaráðuneytið líti svo á að samstarf grunnskóla og tónlistarskóla sé mikilvægt, enda slíkt samstarf í samræmi við</p>				
--	--	--	--	--	--



	aðalnámskrá grunn- og tónlistarskóla.				
--	---------------------------------------	--	--	--	--

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Innra mat					
<ul style="list-style-type: none"> • Skipa teymi innra mats með öllum hagsmunaaðilum sem hefur áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats. 	Matsteymi er skipað haustið 2021 og tekur til starfa í ársbyrjun 2022. Teymið skipa tveir stjórnendur, þrír fulltrúar kennara og annarra starfsmanna. Skólaráð er matsteymi til stuðnings og samráðs.	Haustið 2021	Vorið 2022	Stjórnendur og matsteymi	Vorið 2023 Próunarverkefni metið reglulega
<ul style="list-style-type: none"> • Gera innra matsáætlun fyrir hvert skólaár og skilgreina viðmið um þann árangur sem skólinn stefnir að. 	Matsteymi vinnur að áætlunargerð og skilgreinir viðmið um árangur.	Vorið 2022	Haustið 2022	Stjórnendur og matsteymi	Vorið 2026
<ul style="list-style-type: none"> • Vinna að langtímaáætlun innra mats. 	Matsteymi gerir langtímaáætlun innra mats	Haustið 2023	Vorið 204	Stjórnendur og matsteymi	Vorið 2026
<ul style="list-style-type: none"> • Tilgreina markvissar aðgerðir í umbótaáætlun þar sem fram kemur viðmið, ábyrgðaraðilar, tímasetningar, þátttakendur og hvenær og hvernig umbætur eru metnar. 	Matsteymi setur fram áætlun um mat og framkvæmd á innra mati	Vorið 2022	Haustið 2022	Stjórnendur og matsteymi	Vorið 2026

<ul style="list-style-type: none"> • Tryggja aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans. 	Innra mat og umbótaáætlunverði jafnan rætt og rýnt á fjórða fundi skólaráðs hvert ár. Matsteymi hittir skólaráð og kallar eftir álitum þess á verkferlum.	Vorið 2022	Haustið 2022	Stjórnendur og matsteymi	Vorið 2026
<ul style="list-style-type: none"> • Endurskoða aðferðir og reynslu af innra mati. 	Matsteymi skoðar og rýnir. Kynnir sér mismunandi aðferðir og velur þá aðferð sem þykir henta best í samræmi við gildandi lög og reglur.	Haustið 2023	Vorið 204	Stjórnendur og matsteymi	Vorið 2026
<ul style="list-style-type: none"> • Auka fjölbreytni gagnaöflunarleiða við innra mat. 	Matsteymi skoðar og rýnir. Kynnir sér mismunandi aðferðir og velur þá aðferð sem þykir henta best í samræmi við gildandi lög og reglur.	Haustið 2023	Vorið 204	Stjórnendur og matsteymi	Vorið 2026
<ul style="list-style-type: none"> • Fylgja umbótum kerfisbundið eftir. 	Stjórnendur og matsteymi vinna úr niðurstöðum innra mats og yfirfara og endurskoða umbótaáætlun reglulega.	Haustið 2025	Vorið 2026	Stjórnendur og matsteymi	Vorið 2027
<ul style="list-style-type: none"> • Upplýsa nemendur og aðra hlutaðeigandi um niðurstöður úr könnunum og matstækjum sem nýtt eru. 	Helstu niðurstöður eru kynntar á fundi skólaráðs, fagfundum, birtar í ársskýrslu og samantekt í frétt á vef skólans og í fréttabréfi til forráðamanna. Niðurstöður úr Skólapúlsinum eru kynntar nemendum af kennurum undir stjórn deildarstjóra. Nýta niðurstöður Lesferils og undirpróf til þess að koma til móts við nemendur með lestrarvanda.	Haustið 2021		Stjórnendur og matsteymi	Endurmat árlega og farið yfir í lokamati 2027

<ul style="list-style-type: none"> • Meta markvisst og reglubundið stefnu skólans. 	<p>Stefna skólans er samofin Aðalnámskrá grunnskóla og Menntastefnu Garðabæjar. Þegar ný menntastefna er gefin út þarf að gera stöðumat í endurskoðunarferli og umbótaáætlun þriðja hvert ár. Þegar ný stefna hefur verið gefin út eða fjórða hvert ár. Við gerð starfsáætlunar að hausti er farið yfir stefnu skólans og þau atriði tiltekin sem vinna á sérstaklega með. Að vori við gerð ársskýrslu er staðan tekin og árangur skráður.</p>	Vorið 2022		Stjórnendur og matsteymi	<p>Reglulegt endurmat á stefnu á þriggja ára fresti og ítarlegt í kjölfar nýrrar Menntastefnu.</p> <p>Vorið 2027</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Ræða þróun og umbætur við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins. 	<p>Helstu niðurstöður eru kynntar á fundi skólaráðs, fagfundum, birtar í ársskýrslu og samantekt í frétt á vef skólans og í fréttabréfi til forráðamanna. Niðurstöður úr Skólapúlsinum eru kynntar nemendum af kennurum undir stjórn deildarstjóra.</p>	Haustið 2021		Stjórnendur og matsteymi	<p>Reglulegt endurmat</p> <p>Vorið 2027</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Auka tækifæri nemenda til að hafa áhrif á skipulag náms og skólastarfs. 	<p>Bæta inn spurningum í sjálfsmat nemenda sem lagt er fyrir í október ár hvert. Ræða formlega á bekkjarfundum og á fundum nemendaráðs.</p>	Vorið 2022		Stjórnendur, kennarar og matsteymi	<p>Reglulegt endurmat</p> <p>Vorið 2027</p>

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið IV – Notkun upplýsingatækni í skólastarfi</u>					
<ul style="list-style-type: none"> Auka verkefni sem tengjast áhugasviðum nemenda. 	Viðfangsefni í upplýsingatækni eru stöðugri þróun. Nemendur eiga val um hvernig þeir skila verkefnum og geta tengt þau áhugasviðum sínum. Í vefsíðugerð og hljóðvinnslu vinna nemendur markvisst út frá áhugasviði. Mikið framboð er hverju sinni af smátækjum í forritun og smáforritum sem nemendur vinna með í spjaldtölvum. Upplýsingatækni kemur oftast en ekki inn í skólastarf vegna áhugasviðs nemenda. Þeir velja sér námsleið og viðfangsefni með það í huga. Þetta má alltaf auka.	Haustið 2021	Stöðug vinna sem lýkur ekki	Kennarar og kennsluráðgjafi í UT	Vorið 2027
<ul style="list-style-type: none"> Efla einstaklingsmiðun í verkefnavali. 	Í upplýsingatækni er eitt af markmiðunum að kynna fjölbreytta tækni, forrit og framsetningu fyrir nemendum svo þeir geta nýtt hana í verkefnavinnu.	Haustið 2021	Stöðug vinna sem lýkur ekki	Kennarar og kennsluráðgjafi í UT	Vorið 2027
<ul style="list-style-type: none"> Kynna formlega fyrir foreldrum og nemendum kennsluáætlanir í upplýsingatækni. 	Kennsluáætlanir í UT eru birtar á vef skólans líkt og aðrar áætlanir. Viðfangsefni og stígangi í námi kemur fram í námsvísunum sem eru í endurskoðun. Kennsluáætlanir eru	Haustið 2021	Haustið 2022	Stjórnendur og kennarar	Vorið 2024

	unnar í samvinnu allra grunnskóla í Garðabæ.				
<ul style="list-style-type: none"> Birta námsvísa opinberlega 	Við endurskoðun skólanámskrár vorið 2022 verða námsvísur bættar inn. Þeir eru í vinnslu eftir að áherslum í námsmáttum var breytt og aðlagðir að hæfniviðmiðum og lykilhæfni bættar inn.	Vorið 2022	Haustið 2022	Stjórnendur	Vorið 2023
<ul style="list-style-type: none"> Flétta stærðfræðikennsla og forritun saman með markvissum hætti. 	Þjóða upp á fræðslu til kennara um það hvernig þeir geta sinnt þessum þætti. Forritunarkennsla hefst þegar á yngsta stigi og er unnið með forritun á margvíslegan hátt.	Haustið 2024	Vorið 2024	Stjórnendur og kennsluráðgjafi í UT ásamt kennurum.	Vorið 2026

Garðabæ 8. desember 2021

Hafdís Bára Kristmundsdóttir
Skólastjóri